



# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 28. september 2016

## Niðurstöður athugunar á áhættustýringu Almenna lífeyrissjóðsins

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á framkvæmd áhættustýringar hjá Almenna lífeyrissjóðinum í maí 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvernig áhættustýringu sjóðsins væri háttað og hvort hún samræmdest leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Tilmælin eru sett til leiðbeiningar og nánari skýringa fyrir samtryggingadeildir lífeyrissjóða varðandi þær lágmarkskröfur sem meðal annars koma fram í 9. tölul. 3. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í ágúst 2016.

Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við framkvæmd áhættustýringar hjá sjóðinum en setti fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið telur að betur megi fara.